

Sæll Sigurður,

Faðir minn hefur verið í sambandi við þig en við höfum áhuga á að gera tilboð í leigu á húsinu Straumi – við skoðuðum eignina með hjálp Bergmundar Ella í gær og leist vel á, klárlega miklir möguleikar í sambandi við ferðabjónustu enda staðsetningin góð og umhverfi fallegt í kring. En vægast sagt er eignin í mjög slæmu ásigkomulagi eftir fyrri leigjendur og greinilega lítið sem ekkert búið að gera í langan tíma, hreinlæti ábótavant og lágmarks-viðhald sem leigjendur hefðu átt að sjá um algjörlega látið eiga sig. Íbúðirnar 2 sem eru í húsinu myndu nýtast okkur lítið sem ekkert heldur liggur áhugi á sýningarsal og vinnustofu. Listamaðurinn Greipar Ægis gerir skúlptúra úr svörtum, íslenskum eldfjallasandi sem eiga sér enga hliðstæðu í veröldinni – unnin í þurran sand, engin form eða mót notuð og stærðin frá peði og upp í meter – þú getur kynnt þér listformið nánar á [www.sandman.is](http://www.sandman.is) en samheiti yfir verkin er Tár Tímans. Listamaðurinn hélt t.d sýningu í New York sem vakti mikla athygli og fékk gríðargóða umfjöllun og dóma. Meðal eigenda verka eru Bill & Hillary Clinton, Al Gore og frú, Claudia Schiffer, Shania Twain, Brian Tracy og Ben Stiller, sem keypti 4 verk af listamanninum sl sumar.

Tilboð okkar hljóðar upp á 100.000kr á mánuði meðan undirbúningur verksins er í fullum gangi – tilgangur með húsnæðinu væri sýningarsalur og vinnu-aðstaða fyrir listamanninn. Markhópur er fyrst og fremst erlendir ferðamenn með vísan til Bláa Lónsins – en þar koma t.d 120.000 manns á ári bara til að skoða umhverfið og fara ekki ofaní en Lónið mun nú í fyrsta skipti rukka fyrir þessa þjónustu 10 evrur. Við horfum til þessa hóps og annarra, ferðamanna sem vilja njóta umhverfisins og upplifa e-ð nýtt og öðruvísi við landið fagra. Ef brot af þessum Lóns-hóp kæmi til okkar þá væri húsið Straumur búið að stimpla sig inn sem aðdráttarafli í Hafnarfjarðarbæ, nokkuð sem sárlega vantar. Listamaðurinn myndi sjá um að taka eignina í gegn bæði utan-og innanhúss í samráði við forstöðumann framkvæmdasviðs & ferðamálafulltrúa og þannig auka gildi hennar og sýnileika. Straumur er sögulegt hús og hefur gildi sem slíkt í bænum ekki síður en Sívertsen húsið eða Fjörukráin – en á undanförunum árum hefur húsið verið vanrækt vegna áhugaleysis leigjenda. Við höfum hinsvegar mikinn áhuga á að taka þetta hús á leigu til lengri tíma (amk 10 ár leigusamning með ákvæði um framlengingu) og fara í þetta athyglisverða langhlaup með bænum – stimpla Straum inn sem nauðsynlegt og löngu tímabært aðdráttarafli fyrir erlenda ferðamenn. Með þessu tryggir bærinn sér einstakt listform sem á sér aðsetur í Hafnarfjarðarbæ í framtíðinni.

Hækkun leiguverðs er svo hægt að skoða eftir ákveðinn tíma þegar settum markmiðum í markaðssetningu hefur verið náð og Straumur búinn að stimpla sig inn í huga ferðamanna sem eiga leið til landsins fagra.

Þú getur kynnt þér listformið og hvernig safnið getur komið til með að líta út með því að hafa samband við undirritaðan sem getur þá tekið á mótí þér í vinnustofu & gallerý listamanns.

Kynningarmál fyrir Straum væru í höndum undirritaðs en fyrirtækið Ysland hefur sérhæft sig í kynningar- og markaðsmálum og m.a séð um slík mál fyrir verkefni eins og íslensku kvikmyndirnar Svartur á Leik, Djúpið, Ófeigur gengur aftur, Þetta Reddast, Falskur Fugl, Borgríki omfl. Einnig hefur undirritaður séð um öll kynningarmál fyrir veitingastaðinn Lemon, leikstjórnann Baltasar Kormák, Þjóðhátíð í Eyjum fyrir Ölgerðina, fyrirlestur Philip Kotlers í lok apríl omfl.

Ég hlakka til að heyra í þér vonandi sem fyrst út af þessu máli.

Kær kveðja,  
Jón Gunnar Geirdal  
661-1900